

**3476. fundur bæjarráðs, haldinn í fjarfundi,
4. nóvember 2021 og hófst hann kl. 13:00.**

Fundinn sátu:

Elsa Lára Arnardóttir formaður, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Rakel Óskarsdóttir aðalmaður, Sævar Freyr Þránínsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfss, sviðsstjóri.

Fundurinn fer fram í fjarfundi. Í lok fundar samþykkja fundarmenn fundargerðina með rafrænum hætti.

Fyrir tekið:

1. 2105091 - Árshlutauppgjör

Framlagning nínu mánaða uppgjörs samstæðu Akraneskaupstaðar.

Kristjana Helga Ólafsdóttir deildarstjóri fjármála kemur inn á fundinn undir þessum lið og situr áfram undir liðum nr. 2 til og með nr. 4.

Lagt fram.

2. 2110153 - Höfði - fjárhagsáætlun 2022 - 2025

Fjárhagsáætlun Höfða 2022 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2023 - 2025

Bæjarráð samþykkir fjárhagsáætlun Höfða og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2023 til og með 2025.

Samþykkt 3:0

3. 2010230 - Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2021-2024

Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2022 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2023 - 2025.

Bæjarráð samþykkir fyrirliggjandi fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun vegna ársins 2022 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2023 - 2025.

Samþykkt 2:0, RÓ situr hjá við afgreiðslu málsins.

4. 2106179 - Fjárhagsáætlun 2022 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2023-2025

Áframhaldandi vinna við gerð fjárhagsáætlunar.

Lokafundur fyrir framlagningu fjárhagsáætlunar í bæjarstjórn Akraness á fundi sem fram fer þann 9. nóvember næstkomandi.

Bæjarráð samþykkir fjárhagsáætlun ársins 2022 og þriggja ára áætlun vegna árána 2023 til og með 2025 ásamt tillögum sem meðfylgjandi eru áætluninni.

Samþykkt 2:0, RÓ situr hjá við afgreiðslu málsins.

Bæjarráð vísar fjárhasgáætlun ársins 2022 og þriggja ára áætlun vegna áranna 2023 til og með 2025, ásamt tillögum sem meðfylgjandi eru áætluninni til fyrri umræðu í bæjarstjórn Akraness sem fram fer þriðjudaginn 9. nóvember næstkomandi.

Samþykkt 3:0

Kristjana Helga Ólafsdóttir vikur af fundi.

5. 2110234 - Mæðrastyrksnefnd - styrkbeiðni vegna jólaúthlutunar 2021

Styrkbeiðni mæðrastyrksnefndar

Bæjarráð, að höfðu samráði við velferðar- og mannréttindaráð, samþykkir styrkveitingu að fjárhæð kr. 450.000 til mæðrastyrksnefndar vegna komandi jólaúthlutunar.

Styrkveitingin verðu greidd út samkvæmt framlögðum reikningi mæðrastyrksnefndar og gjaldfærast á deild 02890.

Samþykkt 3:0

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:45.